

Fjórtaði fundur stjórnar Þekkingarseturs Suðurnesja Fundargerð

Fundur haldinn miðvikudaginn 22. apríl 2015 kl. 12:00 að Garðvegi 1, Sandgerði.

Viðstaddir:

Björk Guðjónsdóttir, varafulltrúi Náttúrustofu Suðvesturlands
Eydís Mary Jónsdóttir, staðgengill forstöðumanns Þekkingarseturs Suðurnesja
Halldór Pálmar Halldórsson, fulltrúi Rannsóknaseturs HÍ á Suðurnesjum
Hanna María Kristjánsdóttir, forstöðumaður Þekkingarseturs Suðurnesja
Jóna Rut Jónsdóttir, fulltrúi SSS
Ólafur Þór Ólafsson, stjórnarformaður og fulltrúi Sandgerðisbæjar

Stjórnarformaður setti fundinn. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og undirrituð.

Dagskrá fundarins:

1. Ársreikningur ársins 2015

Gestur fundarins Lilja Dögg Karlsdóttir, endurskoðandi hjá KPMG, fór yfir endurskoðaðan ársreikning þekkingarsetursins fyrir árið 2014. Endurskoðandi ráðleggur endurmat á váttryggingaverðmæti innbús, tækja og safnmuna og fól stjórnin forstöðumanni að ganga í það mál.

Ársreikningurinn var samþykktur samhljóða og verður aðgengilegur á heimasíðu þekkingarsetursins að ársfundi loknum.

2. Dagsetning ársfundar og dagskrá

Dagsetning ársfundar var ákveðin miðvikudaginn 6. maí kl. 16:00. Forstöðumanni er falið að boða til fundarins. Ákveðin var dagskrá ársfundar:

1. Kosning fundarstjóra og ritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Ársreikningur síðasta árs lagður fram til kynningar
4. Starfsáætlun ársins 2015 lögð fram til kynningar
5. Kynning á meistaraverkefni Soffíu Karenar Magnúsdóttur: Tilraunaeldi á evrópska humrinum á Íslandi
6. Kynning á meistaraverkefni Sölvu Rúnars Vignissonar: Fjörurannsóknir á Reykjanesskaga
7. Önnur mál

3. Fjárframlög til Biolce

Rætt var um uppgjörsmál vegna Biolce verkefnisins.

4. Önnur mál

- a) Færð til bókar tilnefning Jónu Rutar Jónsdóttur sem aðalmanns í stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja fyrir hönd stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.
- b) Færður til bókar styrkur að upphæð 1.000.000 kr. sem Þekkingarsetrið hlaut frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu fyrir verkefni á sviði sjávarútvegs, landbúnaðar og byggðamála.
- c) Færður til bókar styrkur að upphæð 699.000 kr. sem Rannsóknasetur HÍ hlaut frá Nýsköpunarsjóði námsmanna fyrir verkefnið *Mælingar og sannreying á vaxtarrými Evrópuhumars við breytilegar eldisaðstæður*.
- d) Bókaðar eru þakkir stjórnar til aðstandenda sýningarinnar *Huldir heimar hafsins – Ljós þangálfanna*, Katrínar Þorvaldsdóttur og Eydísar Mary Jónsdóttur, fyrir vel unna sýningu.

Fundi var slitið kl. 13:15.

Eydís Mary Jónsdóttir tók saman fundargerð.

Ólafur Þór Ólafsson - SIGN

Björk Guðjónsdóttir - SIGN

Halldór Pálmar Halldórsson - SIGN

Jóna Rut Jónsdóttir - SIGN

Hanna María Kristjánsdóttir - SIGN

Eydís Mary Jónsdóttir - SIGN